

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 517/2011

2012/EES/19/09

frá 25. maí 2011

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar það markmið Sambandsins að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni *Gallus gallus* og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum dýrasjúkdóma sem berast í fólk með matvælum<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripið sé til ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem lýðheilsu stafar af þeim.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að setja skuli markmið Sambandsins um að draga úr algengi sjúkdóma og smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, sem tilgreindir eru í I. viðauka við reglugerðina, í dýrastofnunum sem þar eru tilgreindir. Þar er einnig mælt fyrir um tilteknar kröfur vegna þessara markmiða. Slíkur samdráttur er mikilvægur í ljósi þeirra ströngu ráðstafana sem þurfa að gilda um sýkta hópa í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003. Egg, sem koma úr hópum sem óvíst er að hafi smitast af salmonellu en sem grunur leikur á að séu smitaðir eða úr hópum sem eru smitaðir, má einungis nota til mannelis ef þau eru meðhöndluð þannig að tryggt sé að sermigerðum salmonellu, sem hafa áhrif á lýðheilsu, sé eytt í samræmi við löggjöf Sambandsins um hollustuhætti í matvælaframleiðslu.
- 3) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er vísað til allra sermigerða salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus* sem skipta máli fyrir lýðheilsu.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

Neytendur geta smitast af salmonellu með neyslu eggja varphæna úr þessum hópum. Minnkun á algengi salmonellu í hópum varphæna styrkir því varnir gegn smitvaldi sjúkdómsins sem berst milli manna og dýra í eggjum, en sú dreifing skapar alvarlega áhættu fyrir lýðheilsu.

- 4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2006 frá 31. júlí 2006 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni *Gallus gallus* og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1003/2005<sup>(2)</sup> er kveðið á um markmið Sambandsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum fullorðinna varphæna af tegundinni *Gallus gallus*. Markmið Sambandsins fyrir hvert aðildarríki er að árlegur lágmarkshundraðshluti minnkunar hjá jákvæðum hópum af fullorðnum varphænum verði 10 til 40% og fer það eftir algengi á fyrria ári. Að öðrum kosti er markmiðið að lækka hámarkshundraðshlutann í 2% eða minna.
- 5) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að þegar markmið Sambandsins er sett skuli taka tillit til reynslunnar sem fengist hefur af gildandi landsráðstöfunum og upplýsinganna, sem sendar voru til framkvæmdastjórnarinnar eða til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, samkvæmt gildandi kröfum Sambandsins, einkum í tengslum við upplýsingar sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra, breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE<sup>(3)</sup>, einkum 5. gr.
- 6) Í yfirlitsskýrslu Bandalagsins um leitni og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og uppkomu matarborinna sjúkdóma í Evrópusambandinu árið 2008<sup>(4)</sup> kemur fram að *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* eru þær sermigerðir sem oftast tengjast sjúkdómum í mönnum. Sjúkdómstilfellum í mönnum af völdum *Salmonella enteritidis* fækkaði umtalsvert á árinu 2008 en tilfellum af völdum *Salmonella typhimurium* fjölgaði hins vegar. Í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 var haft samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu við setningu varanlegs markmiðs Sambandsins fyrir hópa varphæna af tegundinni *Gallus gallus*.

(2) Stjtið. ESB L 211, 1.8.2006, bls. 4.

(3) Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(1), 1496.

- 7) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar samþykkti vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu vísindalegt álit 10. mars 2010 um meginlegt mat á áhrifum þess að setja nýtt markmið um að draga úr salmonellu í varphænum af tegundinni *Gallus gallus* <sup>(5)</sup>. Niðurstaðan í álitinu er sú að *Salmonella enteritidis* sé algengasta sermigerð salmonellu í alifuglum sem berst milli manna og dýra og milli kynslóða. Þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að eftirlitsráðstafanir Sambandsins í tengslum við varphænur hafi á árangursríkan hátt styrkt varnir gegn salmonellusmiti í framleiðslustofnunum og dregið úr áhættu fyrir heilbrigði manna af völdum alifugla.
- 8) Einfasa stofnar *Salmonella typhimurium* hafa á skömmum tíma orðið ein algengasta sermigerð salmonellu í allmörgum dýrategundum og í klínisku einangri úr mönnum. Samkvæmt vísindalegu álitinu um vöktun og mat á áhættu fyrir heilbrigði manna af völdum stofna sem líkjast *Salmonella typhimurium* <sup>(6)</sup> („Scientific Opinion on monitoring and assessment of the public health risk of „*Salmonella Typhimurium*-like strains“), sem vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu samþykkti 22. september 2010, eru einfasa stofnar *Salmonella typhimurium* með mótefnavakaformúluna 1,4,[5],12:i:- taldir vera afbrigði *Salmonella typhimurium* og hafa í för með sér svipaða áhættu fyrir heilbrigði manna og aðrir stofnar *Salmonella typhimurium*.
- 9) Til glöggvunar á löggjöf Sambandsins er því rétt að breyta reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 frá 10. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar það markmið Sambandsins að draga úr algengi sermigerða salmonellu í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* <sup>(7)</sup> þannig að kveðið verði á um það að einfasa stofnar með mótefnavakaformúluna 1,4,[5],12:i:- falli líka undir *Salmonella typhimurium*.
- 10) Að teknu tilliti til vísindalega álitsins frá 22. september 2010 og í ljósi þess að lengri tíma þarf til að meta leitni varðandi salmonellu í hópum eftir innleiðingu varnaráætlana í hverju aðildarríki er rétt að kveða á um markmið Sambandsins, áþekkt því markmiði Sambandsins sem kveðið var á um í reglugerð (EB) nr. 1168/2006, þess efnis að draga úr salmonellu í hópum fullorðinna varphæna af tegundinni *Gallus gallus*.
- 11) Nauðsynlegt er að kveða á um endurtekna töku sýna úr hópum fullorðinna varphæna af tegundinni *Gallus gallus* svo að sannreyna megi hvernig gengur að ná markmiði Sambandsins.
- 12) Þar eð tæknilegu breytingarnar, sem innleiddar eru í viðaukanum við þessa reglugerð, gilda án frekari lögfestingar og eru samræmdar í aðildarríkjunum þarf framkvæmdastjórnin ekki að samþykkja aftur hugsanlegar breytingar á varnaráætlunum hvers aðildarríkis fyrir sig í samræmi við þessa reglugerð.
- 13) Varnaráætlunir í hverju aðildarríki um að ná markmiði Sambandsins fyrir árið 2011 að því er varðar hópa fullorðinna varphæna af tegundinni *Gallus gallus* hafa verið lagðar fram m.t.t. sameiginlegrar fjármögnunar Sambandsins í samræmi við ákvörðun ráðsins 2009/470/EB frá 25. maí 2009 um útgjöld á sviði sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða <sup>(8)</sup>. Þessar áætlunir voru byggðar á reglugerð (EB) nr. 1168/2006 og samþykktar í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/712/ESB frá 23. nóvember 2010 um samþykkt ársáætlana og áætlana til margra ára, sem aðildarríkin lögðu fram fyrir 2011 og árin eftir það og varða útrýmingu tiltekinna dýrasjúkdóma og sjúkdóma, sem berast milli manna og dýra, varnir gegn þeim og eftirlit með þeim, og um fjárframlag Sambandsins vegna þessara áætlana <sup>(9)</sup>.
- 14) Reglugerð (EB) nr. 1168/2006 skal felld úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað. Þær niðurstöður sem nást með tæknilegu ákvæðunum í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1168/2006 eru þær sömu og nást með viðaukanum við þessa reglugerð. Því geta aðildarríki beitt síðarnefnda viðaukanum strax og ekki er þörf á umbreytingartímabili.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

#### Markmið

1. Markmið Sambandsins, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 um að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í fullorðnum varphænum af tegundinni *Gallus gallus* (markmið Sambandsins), er sem hér segir:
- a) árlegur lágmarkshundraðshluti minnkunar hjá jákvæðum hópum af fullorðnum varphænum jafngildir a.m.k.:
- 10% ef algengið á fyrra ári var undir 10%,
  - 20% ef algengið á fyrra ári var 10% eða meira, en undir 20%,
  - 30% ef algengið á fyrra ári var 20% eða meira, en undir 40%,
  - 40% ef algengið á fyrra ári var 40% eða meira,
- eða
- b) lækkun hámarksprósentu í 2% eða minna af jákvæðum hópum fullorðinna varphæna, en að því er varðar aðildarríki með færri en 50 hópa af fullorðnum varphænum má þó mest einn flokkur haldast jákvæður.

<sup>(5)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1546.

<sup>(6)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(10), 1826.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 61, 11.3.2010, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 155, 18.6.2009, bls. 30.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 309, 25.11.2010, bls. 18.

Ná skal markmiði Sambandsins á hverju ári á grundvelli vöktunar ársins á undan. Að því er varðar markmiðið sem ná skal á árinu 2011 skulu niðurstöður ársins 2010 notaðar til viðmiðunar, á grundvelli vöktunarinnar sem fram fer í samræmi við 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1168/2006.

Að því er varðar einfasa *Salmonella typhimurium* skulu sermigerðir með mótefnavakaformúluna 1,4,[5],12:i:- falla undir markmið Sambandsins.

2. Prófunarkerfið, sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Sambandsins, er sett fram í viðaukanum („prófunarkerfi“).

2. gr.

#### Endurskoðun á markmiði Sambandsins

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða markmið Sambandsins með tilliti til upplýsinga sem aflað er í samræmi við prófunarkerfið og viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í c-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

3. gr.

#### Breyting á reglugerð (EB) nr. 2160/2003

Í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 bætist eftirfarandi undirliður við:

„6. Allar tilvísanir til „*Salmonella typhimurium*“ í þessum hluta skulu einnig ná yfir einfasa *Salmonella typhimurium* með mótefnavakaformúluna 1,4,[5],12:i:-.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2011.

4. gr.

#### Breyting á reglugerð (ESB) nr. 200/2010

Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Frá 1. janúar 2010 skal markmið Sambandsins, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 um að draga úr *Salmonella* spp. í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* (hér á eftir nefnt „markmið Sambandsins“), felast í því að minnka hundraðshluta í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, sem haldast jákvæðir fyrir *Salmonella enteridis*, *Salmonella infantis*, *Salmonella hadar*, *Salmonella typhimurium*, þ.m.t. einfasa *Salmonella typhimurium* með mótefnavakaformúluna 1,4,[5],12:i:-, og *Salmonella virchow* (viðkomandi sermigerðir salmonellu), niður í 1% að hámarki.“

5. gr.

#### Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1168/2006

Reglugerð (EB) nr. 1168/2006 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 1168/2006 sem tilvísanir í þessa reglugerð.

6. gr.

#### Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

**Prófunarkerfi sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Sambandsins um að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í fullorðnum varphænum af tegundinni *Gallus gallus* eins og um getur í 2. mgr. 1. gr.**

## 1. SÝNATÖKURAMMI

Sýnatökuramminn skal taka til allra hópa fullorðinna varphæna af tegundinni *Gallus gallus* (hópar varphæna) innan ramma varnaráætlana hvers aðildarríkis sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

## 2. VÖKTUN Í HÓPUM VARPÆNA

## 2.1. Tíðni og staða sýnatöku

Taka skal sýni úr hópum varphæna að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis og lögbærs yfirvalds.

Sýnataka að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis skal fara fram a.m.k. fimmtánda hverja viku. Fyrsta sýnatakan skal fara fram við 24 vikna aldur hópsins (+/- 2 vikur).

Lögbært yfirvald skal láta fara fram sýnatöku a.m.k.:

- a) í einum hópi á ári, sem samanstendur af a.m.k. 1000 fuglum, á hverri bújörð,
- b) í hópum varphæna, sem hýstir eru í byggingum þar sem viðkomandi salmonella greindist í fyrri hópi, við 24 vikna aldur (+/- 2 vikur),
- c) í öllum tilvikum þar sem grunsemdir vakna um salmonellusmit við rannsókn á matarbornum tilvikum í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2003/99/EB eða í öllum tilvikum þegar lögbært yfirvald telur ástæðu til og skal þá nota aðferðarlýsinguna við sýnatökuna sem mælt er fyrir um í b-lið 4. liðar D-hluta í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003,
- d) í öllum öðrum hópum varphæna á bújörðinni í tilvikum þar sem *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium* greinist í einum hópi varphæna á bújörðinni,
- e) í þeim tilvikum þegar lögbært yfirvald telur ástæðu til.

Sýnataka, sem lögbært yfirvald annast, má koma í stað einnar sýnatöku að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis.

## 2.2. Aðferðalýsing við sýnatöku

Til þess að næmi við sýnatökuna verði sem mest og til að tryggja rétta beitingu aðferða við sýnatöku skal lögbært yfirvald eða stjórnandi matvælafyrirtækis sjá til þess að einstaklingar, sem hlotið hafa til þess hjálfun, annist sýnatökuna.

## 2.2.1. Sýnataka stjórnanda matvælafyrirtækis

- a) í hópum búrfugla skal taka  $2 \times 150$  g af driti, sem safnast fyrir á eðlilegan hátt, af öllum færíböndum fyrir drit eða af sköfum í húsinu, eftir notkun kerfis til að fjarlægja drit, en ef um er að ræða búr sem er raðað í tröppugang (step cage houses) án sköfu eða færíbanda fyrir drit skal safna  $2 \times 150$  g af blönduðu driti undan búrunum af 60 mismunandi stöðum í dritkjallara.
- b) Í hlöðum eða húsum fyrir útihænur skal taka sýni með tveimur pörum af sýnatökuyfirhlífum eða -sokkum.

Sýnatökuyfirhlífar, sem notaðar eru, skulu vera nægilega gleypnar til að sjúga í sig raka. Væta skal yfirborð sýnatökuyfirhlífarinnar með viðeigandi þynningarefnum.

Sýnin skulu tekin með því að ganga um húsið eftir leið sem skilar dæmigerðum sýnum fyrir alla hluta hússins eða viðkomandi svæði. Þetta skal einnig ná til svæða sem eru þakin undirburði og svæða með rimlum, að því tilskildu að öruggt sé að ganga á rimlunum. Sýnatakan skal ná til allra stía í húsinu. Þegar sýnatökunni er lokið á tilteknu svæði skal taka sýnatökuyfirhlífar varlega af til að forðast að efni, sem loðir við þær, losni af þeim.

### 2.2.2. *Sýnataka lögbærs yfirvalds*

Auk sýnanna sem um getur í lið 2.2.1. skal safna a.m.k. einu sýni með því að nota aðferðarlýsinguna við sýnatökuna. Taka skal fleiri sýni til að tryggja dæmigerða sýnatöku ef dreifing eða stærð hópsins útheimtir það.

Ef um er að ræða sýnatöku sem um getur í b-, c-, d- og e-lið lið 2.1 skal lögbært yfirvald, með því að láta frekari prófanir fara fram eftir því sem við á, einkum prófanir á rannsóknarstofum og/eða sannprófun skjala, fullvissa sig um og tryggja að niðurstöður rannsókna á salmonellu í fuglum séu ekki bjagaðar vegna notkunar sykingalyfja í hópunum.

Ef ekki er unnt að greina *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* en unnt er að greina sykingalyf eða hamlandi áhrif á bakteríuvöxt skal hópurnum teljast og flokkast sem smitaður varphænuhópur í skilningi markmiðs Sambandsins.

Lögbært yfirvald getur ákveðið að leyfa að í stað eins saursýnis eða sýnis, sem tekið er með einu pari af sýnatökuyfirhlífum, komi 100 g ryksýni sem safnað var á mörgum stöðum um allt húsið, af yfirborðsflötum sem voru sýnilega rykugir. Í staðinn má nota einn eða fleiri raka sýnatökuklúta á a.m.k. 900 cm<sup>2</sup> yfirborðsflöt alls til að safna ryki frá mörgum stöðum um allt húsið, ef tryggt er að hver klútur sé vel þakinn ryki báðum megin.

Lögbært yfirvald getur ákveðið að auka lágmarksfjölda sýna til að tryggja dæmigerða sýnatöku með því að meta faraldsfræðilega þætti í hverju tilviki fyrir sig, þ.e.a.s. smitvarnaskilyrði, dreifingu eða stærð hópsins eða önnur skilyrði sem skipta máli.

## 3. RANNSÓKN Á SÝNUM

### 3.1. Flutningur og undirbúningur sýna

Senda skal sýnin, helst með hraðpósti eða sendiboða, til rannsóknastofanna, sem um getur í 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, innan 24 klukkustunda frá töku þeirra. Ef þau eru ekki send innan 24 klukkustunda skal geyma þau í kæli. Flytja má sýnin við stofuhita svo fremi að hiti fari ekki yfir 25 °C og þau séu varin fyrir sólarljósi. Sýnin skulu geymd í kæli á rannsóknarstofunni þar til þau eru rannsökuð en rannsókn skal hefjast innan 48 klukkustunda frá móttöku sýnanna og innan 4 daga frá sýnatökunni.

Sýnatökuyfirhlífarnar og rykið eða ryksýnatökuklúturnar skulu undirbún hvert í sínu lagi ef um er að ræða sýni frá lögbæru yfirvaldi en að því er varðar sýni frá stjórnendum matvælafyrirtækja má sameina mismunandi tegundir sýna í eina prófun.

#### 3.1.1. *Sýni tekin með sýnaysfirtökuhlífum og sýnatökuklútum*

- Taka skal sýnatökuyfirhlífapörin tvö (eða sokkana) eða ryksýnaklútana varlega upp til að saurefni, sem loðir við þá, losni ekki, hópa í eitt sýni og setja í 225 ml af jöfnuðu peptónvatni, sem hefur verið hitað upp í stofuhita, en að öðrum kosti skal bæta 225 ml af þynningarefni beint á bæði sýnatökuyfirhlífapörin í ílátinu sem þau voru í þegar rannsóknarstofan tók við þeim. Jafnaða peptónvatnið skal fljóta alveg yfir sýnatökuyfirhlífarnar og sýnatökuklútana þannig að nóg sé af vökva umhverfis sýnið til að salmonellubakteríur geti borist út frá sýninu og því má bæta við meira af jöfnuðu peptónvatni ef nauðsyn krefur.
- Sýninu skal hringsnúið svo að það mettist til fulls og ræktun skal haldið áfram með því að nota greiningaraðferðina í lið 3.2.

#### 3.1.2. *Annað saurefni og rykefni*

- Saursýni skal hópa og blanda vandlega saman og taka úr blöndunni 25 g undirsýni til ræktunar.
- Bæta skal 25 g undirsýninu (eða 50 ml af sviflausn sem inniheldur 25 g af upphaflega sýninu) við 225 ml af jöfnuðu peptónvatni sem hefur verið hitað upp í stofuhita.
- Ræktun sýnisins skal haldið áfram með því að nota greiningaraðferðina sem sett er fram í lið 3.2.

Ef samþykktir ISO-staðlar fyrir undirbúning viðkomandi sýna til að greina salmonellu liggja fyrir skal styðjast við þá í stað ákvæðanna í liðum 3.1.1 og 3.1.2.

### 3.2. Greiningaraðferð

Greining á salmonellu skal gerð í samræmi við 1. breytingu á staðli Alþjóðlegu staðlasamtakanna EN/ISO 6579-2002/Amd1:2007, „Microbiology of food and animal feeding stuffs – Horizontal method for the detection of *Salmonella* spp. – 1. breyting: Viðauki D: Detection of *Salmonella* spp. in animal faeces and in environmental samples from the primary production stage.“

Eftir ræktun má ekki hrista sýni í jöfnuðu peptónvatni, hringisnúa þeim eða hrista þau til á annan hátt.

### 3.3. Sermigerðargreining

Að minnsta kosti eitt einangur úr hverju jákvæðu sýni sem lögbært yfirvald tekur skal sermigerðarprófað samkvæmt Kaufmann-White-LeMinor kerfinu. Í einangri sem stjórnendur matvælafyrirtækja taka skal a.m.k. framkvæma sermigerðargreiningu fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*.

### 3.4. Staðgönguáðferðir

Að því er varðar sýni, sem tekin eru að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis, er heimilt að nota staðgönguáðferðir í stað þeirra áðferða við undirbúning sýna, greiningar og sermigerðargreiningar, sem settar eru fram í liðum 3.1., 3.2 og 3.3 í þessum viðauka, ef þær hafa verið fullgiltar í samræmi við nýjustu útgáfu staðalsins EN/ISO 16140.

### 3.5. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum

Prófa skal þol einangursins gegn sýkingalyfjum í samræmi við 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB <sup>(10)</sup>.

### 3.6. Geymsla stofna

Lögbært yfirvald skal sjá til þess að a.m.k. einn einangraður stofn viðkomandi sermigerða salmonellu, sem finnst við sýnatöku, sem tengist opinberu eftirliti, úr hverju húsi og á hverju ári, sé geymdur svo að hægt verði síðar að greina þá með tilliti til fögugerðar eða næmi þeirra fyrir sýkingalyfjum, með því að beita venjulegum áðferðum við söfnun stofna sem skal tryggja heilleika stofnanna í a.m.k. tvö ár.

Ef lögbært yfirvald ákveður það skal einnig geyma í þessu skyni einangur úr sýnatöku sem er að frumkvæði stjórnenda matvælafyrirtækja.

## 4. NIÐURSTÖÐUR OG SKÝRSLUGJÖF

### 4.1. Hópur varphæna telst jákvæður þegar verið er að sannreyna hversu vel miðar að ná markmiði Sambandsins ef:

- viðkomandi sermigerð salmonellu (ef ekki er um að ræða bóluvefnisstofna) hefur greinst í einu eða fleiri sýnum úr hópnum, jafnvel þótt viðkomandi sermigerð salmonellu hafi einungis greinist í ryksýninu eða ryksýnklútunum, eða
- sýkingalyf eða sýkklahemjandi efni hafa greinst í hópnum.

Þessi regla gildir ekki um þau undantekningartilvik, sem lýst er í 4. lið II. viðauka D við reglugerð (EB) nr. 2160/2003, ef upphafleg, jákvæð niðurstaða vegna salmonellu hefur ekki verið staðfest með því að nota viðeigandi áðferðarlýsingu við sýnatöku.

### 4.2. Jákvæða hópa varphæna skal einungis telja einu sinni, án tillits til þess:

- hve oft viðkomandi sermigerð salmonellu hefur greinst í þessum hópi á framleiðslutímabilinu

eða

- hvort sýnataka fór fram að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis eða af hálfu lögbærs yfirvalds.

Ef sýnataka á framleiðslutímabilinu nær yfir tvö almanaksár skal þó skrá niðurstöður hvors árs sínar í hvoru lagi.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 26.

**4.3. Í skýrslunni skulu koma fram:**

- a) heildarfjöldi hópa fullorðinna varphæna sem sýni voru tekin úr a.m.k. einu sinni á skýrsluárinu,
- b) niðurstöður úr sýnatökunum, þ.m.t.:
  - i. heildarfjöldi hópa varphæna sem eru jákvæðir fyrir einhverri sermigerð salmonellu í aðildarríkinu,
  - ii. fjöldi hópa varphæna sem eru a.m.k. einu sinni jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*,
  - iii. fjöldi hópa varphæna sem eru jákvæðir fyrir hverri sermigerð salmonellu eða fyrir ótilgreindri salmonellu (einangur sem ekki er unnt að greina til sermigerðar eða er ekki sermigerðarprófað),
- c) skýringar á niðurstöðunum, einkum að því er varðar undantekningartilvik eða hvers kyns verulegar breytingar á fjölda hópa sem eru prófaðir og/eða reynast jákvæðir.

Gefa skal skýrslu um niðurstöðurnar og allar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem hluta af skýrslunni um leitni og upptök sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB.

---